

Dags eftirlits	29.8.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Íslenska Kalkþörungafélagið	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Hafnargata 4, Bíldudal	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680601-2670	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Tryggvi Baldur Bjarnason	ÍSAT nr.	08990
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Halldórsson	Staðsetning	288910,327 584086,181

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2024 var ekki skilað á tilskildum tíma. 2) Ársyfirliti var ekki skilað á tilskildum tíma. 3) Ryk í útblæstri nýrri þurrkara mældist 32 mg/Nm³ í mælingu sem var gerð 27. nóvember 2024. 4) Lekavarnir við geymslu olíu eru ófullnægjandi.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu þess efnis að reikna og skila skal til eftirlitsaðila, lokahraða útblásturslofts.

Fjögur eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram: 1) Ryk í útblæstri eldri þurrkara var yfir mörkum í mælingu 8. og 9. maí 2023. 2) Ryk í útblæstri eldri þurrkara mældist 33 mg/Nm³ þann 5. desember 2023. 3) Vindbrjótur sem skv. starfsleyfi átti að setja upp fyrir lok janúar 2024 eru ekki til staðar. 4) Hávaði í íbúabyggð mældist oft yfir leyfilegum mörkum árið 2022.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í kalkþörungaverksmiðju Íslenska kalkþörungafélagsins á Bíldudal. Íslenska kalkþörungafélagið er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 29. janúar 2021 og gildir til 29. janúar 2037. Starfsleyfið heimilar framleiðslu á allt að 120.000 tonnum árlega af kalki og öðrum kalkafurðum.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Vettvangsheimsókn (27. ágúst)

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Í eftirliti árið 2024 komu fram þrjú frávik og voru þau öll opin í eftirlitinu. Í eftirliti árið 2024 var sett fram ein ábending þess efnis að við uppsetningu olíuskilju skuli m.a. fara eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur og gr. 3.11 í starfsleyfi rekstraraðila. Þar sem verkstæði rekstraraðila hefur ekki verið tekið í notkun og ekki hefur verið gengið frá olíugildru er rekstraraðili minntur á ábendinguna.

Þann 13. desember 2024 var tekin ákvörðun um breytingu á starfsleyfi Íslenska kalkþörungafélagsins. Breytingin felst í því að ekki er gerð krafa um að settir verði upp vindbrjótur á lóð rekstraraðila, en bætt er við starfsleyfið að „verði rykmengun af geymslu hráefna eða framleiðsluvöru utandyra getur Umhverfisstofnun farið fram á að rekstraraðili grípi til aðgerða til að draga úr foki úr efnishaugum, t.d. með uppsetningu vindbrjóta eða öðrum aðgerðum sem stofnunin metur fullnægjandi.“ Fráviki þess efnis að vindbrjótur voru ekki til staðar í eftirliti árið 2024, er lokað.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi sem nú heita einu nafni umhverfisupplýsingar, var ekki skilað á tilskildum tíma árið 2025 og er skráð frávik þar um. Umhverfisupplýsingum var skilað þann 2. maí 2025 og er frávikin því lokað. Ársyfirliti var ekki skilað á tilskildum tíma og er skráð frávik þess efnis. Fullnægjandi ársyfirliti var skilað þann 2. september 2025 og er frávikin því lokað.

Í mælingu sem var gerð 7. og 8. maí 2024 var ryk í útblæstri beggja þurrkara innan heimilaðra marka sem skv. starfsleyfi eru 20 mg/Nm³. Eldri frávikum vegna of mikils ryks í útblæstri eldri þurrkarans er því lokað. Í mælingu sem var gerð 27. nóvember 2024 mældist ryk í útblæstri eldri þurrkara 3 mg/Nm³ en ryk í útblæstri nýrri þurrkara mældist 32 mg/Nm³ og er skráð frávik vegna þess. Ryk í útblæstri nýrri þurrkarans var aftur mælt þann 28. janúar 2025 og mældist þá 6 mg/Nm³ og er frávikin því lokað. Hraði útblásturslofts sem er alltaf mældur um leið og ryk í

útblæstrinum, reyndist nokkuð lágur í mælingu í maí 2024. Mældur hraði er fyrir þrengingu í útblástursröri og er rekstraraðila bent á að reikna, og skila til eftirlitsaðila, lokahraða útblástursloftsins.

Hávaði í íbúabyggð mældist oft yfir mörkum árið 2024. Ekki er með öyggjandi hætti hægt að rekja hávaðann til starfsemi verksmiðjunnar og er því ekki skráð frávik vegna þess. Frávik vegna hávaða árið 2022 er þó enn opið.

Samkvæmt mælingum fyrir og eftir uppdælingu árið 2024, jókst styrkur svifagna í sjó fyrir utan setlón aldrei umfram það sem leyfilegt er skv. starfsleyfi.

Rekstraraðili er með gilda tryggingu skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og barst eftirlitsaðila skírteini, því til staðfestingar, að eftirlitinu loknu.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Engar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti.

4. Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Hingað til hafa gögn frá rekstraraðilum í sumum tilfellum einungis verið rýnd áður en farið er í vettvangsheimsókn en það verklag hefur getað orðið til þess að gögn hafa beðið hjá stofnuninni í allt að þrjú ár án þess að þau hafi verið rýnd.

Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum til kynningar.

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð.

6. Vettvangsheimsókn (27. ágúst)

Fulltrúar rekstraraðila í vettvangsheimsókninni voru Björg Jessica Harrendence og Þorvaldur Bjarki Blængsson.

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila en slökkt var á verksmiðjunni vegna viðgerða á rafmagnslínunum. Enn er talsvert af járn og málmum á lóðinni og er rekstraraðili hvattur til að halda áfram tiltekt. Skoðað var húsnæði sem til stóð, þegar eftirlit árið 2024 fór fram, að yrði breytt í verkstæði. Framkvæmdum er ekki lokið og á m.a. eftir að koma fyrir olíugildru á frárennsli húsnæðisins. Á nokkrum stöðum (m.a. í gámi sem er á lóð rekstraraðila) eru olíur geymdar án viðunandi lekavarna og er skráð frávik þess vegna. Engar frekari athugasemdir eru gerðar við umgengni eða frágang.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 4.5 í starfsleyfi

Umhverfisupplýsingum skal skv. starfsleyfi, skila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið ár. Umhverfisupplýsingar vegna ársins 2024 bárust eftirlitsaðila 2. maí 2025.

Gr. 4.4 í starfsleyfi

Ársyfirliti skal skila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið ár. Ársyfirlit fyrir árið 2024 barst eftirlitsaðila 2. september 2025.

Gr. 3.6 í starfsleyfi

Leyfileg hámarkslosun ryks í útblæstri frá þurrkurum er 20 mg/Nm³. Ryk í útblæstri nýrri þurrkarans mældist 32 mg/Nm³ í mælingu sem var gerð 27. nóvember 2024.

Gr. 3.15 í starfsleyfi

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hætt á að þau berist út í umhverfið. Lekavarnir við geymslu olíu, m.a. í gámi á lóð rekstraraðila, eru ófullnægjandi.


ÁBENDINGAR

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu þess efnis að þegar mælingar eru gerðar á ryki í útblásturslofti skal reikna lokahraða útblástursloftsins og skila þeim niðurstöðum til eftirlitsaðila.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.10.2025


Freyr Ávarsson